

Sp. 137. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]
um almenna heimilisfræðslu.

Flm.: Magdalena M. Sigurðardóttir, Stefán Valgeirsson,
Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að kanna með hvaða hætti best verði staðið að almennri heimilisfræðslu í landinu. Kannað verði m.a. hvernig að slíkri fræðslu sé staðið annars staðar á Norðurlöndum.

Ráðherra geri tillögu um endurskipulagða starfsemi hússtjórnarskólanna og heimilisfræðslu í landinu og leggi hana fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Á seinni hluta 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. risu upp víðs vegar um landið hússtjórnar- og kvennaskólar og fylgdu þeir í kjölfar vaknandi áhuga og kröfu kvenna um meiri menntun og meira jafnræði kynjanna. Þessi þróun náði hámarki sínu um miðja þessa öld er starfandi voru í öllum landshlutum hússtjórnarskólar, flestir með átta til níu mánaða starfstíma á ári. Eingöngu stúlkur sóttu um inngöngu enda unnu flestar konur heima. Þá var ekki hægt að ganga út í búð og kaupa svo að segja alla hluti tilbúna. Því var mikils um vert að konur kynnu „að koma ull í fat og mjólk í mat“ og hráefni til matreiðslu kom beint af skepnunni og hagsæld heimilanna valt á því að húsmóðirin kynni vel til verka..

Á áttunda áratugnum fór aðsókn að húsmæðraskólunum stórlega þverrandi og hafa þeir smám saman verið að týna tölunni og á s.l. vetri var þremur vel metnum skólum í þéttbýlum héruðum hreinlega lokað.

Þeir sem þekkja til starfsemi hússtjórnarskólanna harma þessa þróun og telja að þessi tegund skóla megi ekki leggjast niður. Það er hins vegar augljóst að þessir skólar, eins og aðrir skólar, verða að vera í takt við tímann. Hússtjórnarskólarnir veita ekki starfsréttindi á vinnumarkaðinum og því vill ungt fólk ekki eyða heilum vetri til náms í þeim. En það á ekki að leggja þá niður heldur breyta starfsemi þeirra.

Nú á að kenna heimilisfræði í grunnskólum landsins og er það vel en mikill misbrestur er á að þeim ákvæðum í grunnskólalöggjöfinni sé alls staðar framfylgt. Á grunnskólastiginu má sannarlega ná góðum árangri sé kennslan vel skipulögð og miði að því að kenna nemendum að meta hollt fæði og lifnaðarhætti, almenn þrif og þekkingu á vörugæðum. Takmörk eru þó fyrir því hvað ungir nemendur geta tileinkað sér af því sem þarna er kennt eins og í öðrum greinum í skólunum.

Í þjóðfélagi örra breytinga er nauðsynlegt að styrkja stöðu heimilanna. Það er því full þörf á að ungt fólk, konur og karlar, eigi kost á námskeiðum í hefðbundnum heimilisfræðum, svo sem matreiðslu, þvotti, ræstingu, saumum, vörubekkingu og að læra að nota þau mörgu hjálpargögn sem nú eru á boðstólum í sambandi við rekstur heimilis og fjölskyldumálefni. Þar að auki eru svo aðrar greinar sem í rauninni flokkast undir listiðnað, svo sem vefnaður, keramik, hekl, þrjón og fjöldamargt annað.

Í þessu streitubjóðfélagi, sem við lifum í, er mikils virði að geta slakað á við holla og skapandi tómstundaiðju. Það er að vísu hægt að fara út í búð og kaupa flesta hluti tilbúna en þá fáum við ekki fullnægt þeirri sköpunarþörf sem býr í okkur flestum og ber að hlúa að en ekki drepa niður.

Að þessu athuguðu sjáum við flutningsmenn að sannarlega er þörf fyrir hússtjórnarskólana í þjóðfélaginu og að bregðast verður við þeim breytingum sem orðið hafa með því að laga starfsemi þeirra að nútíma lifnaðarháttum og þörfum.

Á nokkrum stöðum hafa hússtjórnarskólar fært starfsemi sína í námskeiðsform sem hafa verið vel sótt bæði af almenningi og sem valgreinar í framhaldsskólum. Einnig hafa kennarar þessara skóla efnt til námskeiða í nágrannabyggðarlögum og hefur þessi háttur mælst vel fyrir.